Nr. 59.
4. október.

# Auglýsing

um

## bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefur hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfylgjandi bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands.

### I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Háskólaráðið hefur úrskurðarvald í öllum þeim málum er snerta starfsemi háskólans, svo sem nánar er mælt fyrir um í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Háskólaráðið fer með undirbúning mála þeirra, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í tje allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sjerstaklega.

Áður en núgildandi eða síðar settum ákvæðum um háskólann verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytinguna eða viðaukann.

3. gr.

Háskólaráðið setur ritara háskólans erindisbrjef, svo og öðrum starfsmönnum, er skipaðir kunna að verða.

### II. Kenslan og nemendurnir.

4. gr.

Háskólaráðið getur veitt útlending, er lokið hefur stúdentsprófi við lærðan skóla, jafngildan hinum almenna mentaskóla í Reykjavík, rjett til þess að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs enda sje mannorð stúdentsins óflekkað.

Nr. 59.
4.
Oktober.

# Bekendtgørelse

angaaende

## midlertidigt Reglement for Islands Universitet.

Paa Islands Ministeriums derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under Dags Dato allernaadigst at stadfæste følgende midlertidigt Reglement for Islands Universitet.

### I. Universitetets Bestyrelse.

§ 1.

Det akademiske Kollegium træffer Afgørelse i alle de Sager, der vedrører Universitetets Virksomhed, efter de nærmere Bestemmelser, som fastsættes i de følgende Paragraffer.

§ 2.

Det akademiske Kollegium forbereder de Sager, som skulle forelægges Kongen, Lovgivningsmyndigheden eller Ministeriet, og som angaa Universitetet. Det skal til enhver Tid gaa Ministeriet tilhaande med de fornødne Oplysninger angaaende alle Universitetet særlig vedrørende Forhold.

Forinden de nugældende eller senere fastsatte Bestemmelser angaaende Universitetet underkastes Ændringer eller Tilføjelser, indhentes det akademiske Kollegiums Erklæring om den paagældende Ændring eller Tilføjelse.

§ 3.

Det akademiske Kollegium udfærdiger en Instruks for Universitetets Sekretær samt for andre Funktionærer, der maatte blive ansatte.

### II. Undervisningen og Studenterne.

§ 4.

Det akademiske Kollegium kan indrømme en Udlænding, som har bestaaet Studentereksamen ved en lærd Skole, ligestillet med den højere Almenskole i Reykjavik, og har et uplettet Rygte, Ret til at blive immatrikuleret som akademisk Borger imod Erlæggelsen af Immatrikulationsgebyr til Universitetet.

Nr. 59.
4. október.

5. gr.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gjört honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir eða brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða þá fyrir fult og alt.

Brottrekstur fyrir fult og alt, fyrir hverja sök sem er, skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

6. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefur hætt námi að fullu og öllu og tilkynt ritara háskólans það, eða hann hefur ekki sótt háskólann í 4 kenslumissiri samfleytt.

## III. Doktorar.

7. gr.

Háskólaráðið semur reglur um doktorspróf.

8. gr.

Umsókn um að mega ganga undir doktorspróf skal stíluð til háskólaráðs. Umsókninni skal fylgja vísindaleg ritgjörð og sendir háskólaráðið hlutaðeigandi háskóladeild ritgjörðina til álita og umsagnar.

9. gr.

Æski doktor að halda fyrirlestra við háskólann í vísindagrein sinni, verður hann að tjá háskólaráðinu þá fyrirætlan sína. Misbeiti Doktor fyrirlestrarrjettinum, getur háskólaráðið svift hann honum.

10. gr.

Háskólaráðið getur veitt kennurum lausn í bili undan kensluskyldu. Til lausnar um lengri tíma og til ferða út úr landinu eða dvalar þar, meðan stendur á kenslu, þarf aftur á móti samþykki landsstjórnar.

## IV. Ýmisleg ákvæði.

11. gr.

Stjórnarráðið ávísar háskólaráðinu í upphafi hvers árs, fyrir eitt ár í senn, fjárupphæðir þær, sem veittar eru í fjárlögunum til háskólans.

12. gr.

Háskólaráðið hefur yfirumsjón með sjóðum þeim og öðru fje, er háskólinn á.

13. gr.

Háskólaráðið ráðstafar fje því, sem háskólinn hefur til umráða, hvort heldur úr landssjóði eða úr öðrum sjóðum, innan þeirra takmarka, sem lög eða stofnskrár setja. Þó skal leita álita hlutaðeigandi háskóladeilda, áður en ráðstafað er fje til útgáfu kenslubóka eða styrktarfje til handa námsmönnum.

§ 5.

Saafremt en Studerende forser sig imod Universitetets Reglementer, kan Kollegiet diktere ham en Straf. Straffen kan enten bestaa i en Paamindelse, Tab af Stipendium eller Relegation for kortere eller længere Tid eller for bestandig.

Om en Relegation for bestandig skal der i alle Tilfælde ufortøvet gøres Indberetning til Ministeriet.

§ 6.

Universitetets Forhold til immatrikulerede Studenter betragtes først som hævet, naar en Student helt har opgivet Studeringerne og underrettet Universitetssekretæren derom, eller ikke har besøgt Universitetet i 4 paa hinanden følgende Semestre.

## III. Doktorer.

§ 7.

Kollegiet fastsætter Regler om Prøver for Doktorer.

§ 8.

En Ansøgning om at maatte underkaste sig Doktorprøven skal være rettet til det akademiske Kollegium. Ansøgningen skal bilægges med en videnskabelig Afhandling, som af Kollegiet afgives til vedkommende Fakultet til Betænkning og Erklæring.

§ 9.

Ønsker en Doktor at holde Forelæsninger i sin Videnskab, skal han underrette Kollegiet derom. Saafremt en Doktor misbruger sin Ret til Forelæsninger, kan Kollegiet fratage ham den.

§ 10.

En Lærer kan af Kollegiet erholde midlertidig Fritagelse fra Undervisningspligt. For at opnaa en saadan Fritagelse for et længere Tidsrum samt til en Rejse eller Ophold udenfor Landet i Undervisningstiden udkræves derimod Regeringens Approbation.

## IV. Forskellige Bestemmelser.

§ 11.

Ministeriet anviser Kollegiet til Udbetaling i Begyndelsen af hvert Aar, for et Aar ad Gangen, de Pengebeløb, der paa Finansloven ere bevilgede til Universitetet.

§ 12.

Kollegiet har Overtilsyn med de Fonds, som Universitetet besidder, og andre Universitetet tilhørende Midler.

§ 13.

Det akademiske Kollegium disponerer over de til Universitetets Raadighed staaende Midler, saavel af Landskassen som af andre Fonds, indenfor de ved Lov eller Fundatser fastsatte Grænser. Dog indhentes vedkommende Fakultets Betænkning, forinden et Beløb anvendes til Udgivelsen af Lærebøger eller Stipendier til de Studerende.

Nr. 59.
4. október.

14. gr.

Háskólaráðið gjörir stjórnarráðinu skilagrein fyrir fje því, er það hefur haft til umráða úr landssjóði um liðið ár, innan loka næstkomandi febrúarmánaðar.

15. gr.

Háskólaráðið hlutast til um að gefin verði út árlega árbók háskólans, en í henni á að vera skýrsla um starfsemi háskólans, um söfn hans og sjóði og um það, hvernig farið hefur verið með fje það, sem háskólinn hefur haft til umráða.

16. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjer með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 4. október 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Eggert Briem.*

§ 14.

Det akademiske Kollegium aflægger for Ministeriet inden Slutningen af Februar Regnskab over Anvendelsen af de Midler, som det har raadet over af Landskassen i det sidst forløbne Aar.

§ 15.

Kollegiet træffer Foranstaltning til en aarlig Udgivelse af Universitetets Aarbog, som skal indeholde Beretning om Universitetets Virksomhed, om dets Samlinger og Fonds, samt om Anvendelsen af de til Universitetets Raadighed staaende Midler.

§ 16.

Dette Reglement træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Islands Ministerium, den 4. Oktober 1911.**

***Kristján Jónsson.***

*Eggert Briem.*